

Keppnisreglur

Vesturgötu hjólréiðar eru jafnframt Íslandsmeistaramót í fjallamaraboni (XCM) og er keppt samkvæmt [reglum Hjólréiðasambands Íslands](#) (HRÍ). [Reglur Alþjóðahjólréiðasambandsins um fjallamarabon](#) eru hafðar til viðmiðunar um túlkun reglna HRÍ.

Keppt er samkvæmt flokkaskiptingu HRÍ.

Dómari með UCI réttindi mun dæma mótið. Keppendur sem ekki fara eftir reglum eiga á hættu að verða skráðir úr mótinu eða vísað úr keppni, ef annað er ekki tekið fram í tiltekinni reglu.

Helstu atriði sem keppendur ættu sérstaklega að kynna sér úr reglum HRÍ:

- HRÍ ber ekki ábyrgð á framkvæmd eða skipulagi og er ekki ábyrgt fyrir slysum eða óhöppum. Keppendur skulu ávallt sýna ýtrustu varúð í samræmi við aðstæður.
- Keppendur verða að kynna sér braut, dagskrá og aðrar leiðbeiningar eða sérreglur sem keppnishaldari gefur út.
- Hvarvetna þar sem braut er á opnum vegum ber keppendum að virða umferðarlög og á malbiki skal hjóla hægra megin við miðlínu.
- Ekki má stytta sér leið. Yfirgefi keppandi keppnisleiðina verður hann að koma inn á hana á stað og hún var yfirgefin.
- Það er leyfilegt að þiggja tæknilega aðstoð á leiðinni en ekki má skipta um stell. Sé farið út úr braut til þess að gera við búnað þarf að koma aftur inn á brautina á sama stað og farið var út úr henni og hefja þar keppni aftur.
- Bannað er að nýta sér skjól af faratækjum.
- Keppandi sem veldur truflun í keppni með því að hindra eða stofna öðrum keppanda í hættu (t.d. í endaspretti) dæmist úr leik. Ber þar helst að nefna skyndilegar hraða- og stefnubreytingar í hóp hjólara.
- Í endaspretti skal keppandi undantekningalaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hendi á stýrinu. Dómari getur áminnt keppanda, dæmt keppanda aftast í hóp eða dæmt keppanda úr keppni, eftir alvarleika brotsins.
- Keppandi sem fer yfir endamarkslínu má ekki bremsa niður fyrr en 50 metrum eftir hana og þá skal hann fara út í vegkant eða út af veginum áður en hann stöðvast alveg. Ekki má vera stopp á miðjum veginum eftir marklínu. Alls ekki má hjóla til baka að marki nema í vegkanti, og þá einungis mjög hægt. Ekki má fara aftur yfir tímatökubúnað.

Búnaður: Allir keppendur skulu hjóla með reiðhjólahljálmi á meðan á keppni stendur og klæðast viðeigandi hjólréiðafatnaði. Keppnisradíó eru bönnuð. Fylgdarbílar eru bannaðir.

Leyfileg hjól:

- Öll venjuleg reiðhjól eru leyfileg í keppninni, en gæta skal að búnaður á því (ef til staðar), svo sem standari, bögglaberi, bretti eða annað slíkt, sé vel festur, og af búnaðinum stafi ekki hætta fyrir aðra keppendur.
- Liggistýri, letingjar, TT-bars eða annar sambærilegur búnaður er bannaður í allri keppninni. Venjulegir stuttir stýrisendar (festir á enda fjallahjólástýris) eru leyfðir.
- Fyrir keppendur í Íslandsmeistaramótinu gilda reglur HRÍ, sem í þessu tilfelli vísa beint á reglur UCI.